

## REGLUR

### um greiðslu barnalífeyris vegna skólanáms eða starfsþjálfunar.

#### 1. gr.

Heimilt er að greiða ungmenni á aldrinum 18-20 ára sem á lögheimili hér á landi barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ef úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga verður ekki við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa upp á því. Ennfremur er heimilt að greiða barnalífeyri ef ljóst er að ungmenni er ókleift að innheimta greiðslur eftir úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga.

#### 2. gr.

Með umsókn skal leggja fram staðfestingu fyrir því að skilyrði 1. gr. séu uppfyllt ásamt staðfestingu á skólavist eða starfsþjálfun umsækjanda þar sem fram komi tímabil náms og um hve mikið nám er að ræða. Skilyrði er að þjálfunin eða námið taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um óreglulegt nám eða námskeið er að ræða skal sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum.

Áframhaldandi nám skal staðfesta í janúar og september hvert ár. Ljúki námi ber viðtakanda greiðslna að tilkynna það til Tryggingastofnunar. Komi í ljós síðar að námi er lokið eða hlé hefur verið gert á því er heimilt að draga greiðslur sem átt hafa sér stað fyrir tímabil sem nám var ekki stundað frá áframhaldandi greiðslum.

#### 3. gr.

Við mat á umsókn skal tekið tillit til allra aðstæðna umsækjanda, félagslegra sem efnahagslegra, sem áhrif geta haft á það hvort samþykkja skuli umsókn eða henni synjað.

Að jafnaði skal miðað við:

- a) að mánaðarlegar tekjur umsækjanda séu að meðaltali ekki hærri en sem nemur sjöfaldri fjárhæð barnalífeyris á hverjum tíma og
- b) að umsækjandi eigi ekki eignir í peningum eða verðbréfum yfir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru hverju sinni varðandi heimild til greiðslu frekari uppbótar á lífeyri.

#### 4. gr.

Heimild til greiðslna fellur niður við flutning lögheimilis frá Íslandi, ef ungmenni verður lífeyrisþegi eða skilyrðum reglna þessara er að öðru leyti ekki lengur fullnægt.

#### 5. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 3. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993 og taka þegar gildi.

*Tryggingastofnun ríkisins, 5. nóvember 1999.*

**Bolli Héðinsson.**

*Karl Steinar Guðnason.*